

Greinargerð

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dverghamra

7. október 2019

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dverghamra voru lögð fram til kynningar þann 28. maí 2019 og í kjölfarið var umsagnar- og samráðsaðilum og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar og á heimasíðu Skaftárhrepps. Einnig var sendur póstur á samráðsaðila og fagstofnanir og upplýst um að kynningartíminn væri hafinn. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 8. júlí 2019.

Athugasemdir og ábendingar bárust frá einum aðila.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dverghamra.

Tenging frá þjóðvegi við bílastæði Dverghamra

Gerðar voru athugasemdir er varða veginn að bílastæðinu að Dverghömrum og bent á mikilvægi þess að bæta öryggi aðkomuleiðarinnar. Umhverfisstofnun telur að stjórnunar- og verndaráætlun eigi að endurspeglar þær aðgerðir eigi að endurspeglar þær aðgerðir sem ráðast á í innan marka friðlýsta svæðisins og þær reglur sem gilda innan marka þess. Tenging þjóðvegjar að bílastæði er ekki innan marka friðlýsta svæðisins og að svo stöddu verður ekki tekið á verkefnum sem snúa að aðgerðum utan þess. Umhverfisstofnun tekur hinsvegar undir mikilvægi þess að bæta öryggi við náttúruvættið og fagnar því ef unnið verður að skilgreiningu ábyrgðar og breytingum á aðkomuleiðinni til að bæta öryggi gesta svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnunar- og verndaráætluninni eru lagðar fram hugmyndir um stækkun náttúruvættisins á þann veg að bílastæðið myndi vera innan marka verndarsvæðisins. Þegar sú vinna hefst verður fyrirkomulag tengingar þjóðvegjar 1 við bílastæðið við Dverghamra skoðuð nánar.